



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Eins og aðalstjórn ÖBÍ ályktaði 22. júní 2010 telur ÖBÍ að til að yfirfærslan geti farið fram svo sómi sé að verði lagaumhverfi að vera komið á hreint. Íslendingar skrifuðu undir Samning Sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi fólks með fötlun 30. mars 2007 og ætti að vera búið að innleiða samninginn nú þegar. Ljóst er að endurskoðun þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar var framkvæmd til að hægt væri að færa málefni fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, það er að færa málaflokkinn á milli stjórnsýslustiga. Ekki er um heildarendurskoðun að ræða og Samningur SP er ekki hafður að leiðarljósi. Hefja þarf því tafarlaust vinnu við að semja ný lög um réttindi fatlaðs fólks sem byggja meðal annars á þörfum einstaklingsins og rétti hans til fullrar samfélagsþátttöku.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar**

##### **Samráð við hagsmunasamtök**

ÖBÍ leggur áherslu á að leggja þurfi ríkari áherslu á samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks í frumvarpinu. Sem dæmi kemur fram í 2. gr. laganna, 1. mgr.: „Ráðherra ber ábyrgð á opinberri stefnumótun í málefnum fatlaðra sem skal gerð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.“ Hér þarf að bæta inn í lok setningarinnar orðin: „og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.“

##### **Trúnaðarmenn, réttindagæsla og samráð við notendur**

Í 26. gr. frumvarpsins er fjallað um trúnaðarmenn fatlaðra. ÖBÍ telur að hér þurfi að koma fram fjöldi trúnaðarmanna og að haft verði **samráð við hagsmunasamtök** fatlaðs fólks um það atriði. ÖBÍ telur að lágmark einn trúnaðarmaður verði að vera starfandi í hverri þjónustumiðstöð til að tryggja nærþjónustu við fatlað fólk.

Fjallað er um ferli mála sem koma til trúnaðarmanns í 26. gr. lið b. Kemur þar fram að trúnaðarmaður aðstoði hinn fatlaða við að kæra mál til úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál þegar það á við, sbr. 3. mgr. 5. gr. og meti hvort hann tilkynni um málið til velferðarráðuneytis. ÖBÍ vill benda á að hér ætti að breyta



lok setningarinnar þannig að trúnaðarmaður metl í samráði við hinn fatlaða hvort málið verði tilkynnt til velferðarráðuneytis.

Í 8. gr. frumvarpsins lið b. kemur fram að sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem starfa saman á þjónustusvæði sé heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella niður starfsemi þeirra. Þarna eru sveitarfélögin í mikilli valdastöðu og geta fellt niður þjónustu án þess að hafa samráð við hlutaðeigendur. ÖBÍ telur þetta ákvæði of einhliða og að bæta þurfi við að sveitarfélögin verði að hafa **fullt samráð við notendur** þjónustunnar í tilvikum sem þessum.

**Réttindagæslu fatlaðs fólks** er ekki getið í frumvarpinu og finnst ÖBÍ það miður í ljósi nýútkominnar skýrslu frá Ríkisendurskoðun um þjónustu við fatlaða þar sem fram kemur að eftirlit með þjónustu við fatlaða sé óviðunandi. ÖBÍ telur nauðsynlegt að endurskoðuð lög um réttindagæslu líti dagsins ljós áður en málaflókkurinn færist yfir.

### **Eftirlit og gæðakröfur**

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að þjónustusvæði heimilt að veita starfsleyfi til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar. Hvergi kemur fram hvaða kröfur ætti að gera til slíkra aðila og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað. Í 2. og 3. gr. kemur fram að ráðherra skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna og þar með talið þjónustu og starfsemi innan málaflokksins og að sveitarfélög skuli hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar. ÖBÍ telur að kveða þurfi nánar á um þessi atriði í frumvarpinu. **Innra eftirlit gengur ekki upp nema með sterku ytra eftirliti.** Einnig gerir ÖBÍ kröfu um að áætlað eftirlit velferðarráðuneytisins með þjónustu sveitarfélaganna verði virkt og að fram komi í frumvarpinu hvernig standa eigi að því.

### **Aðstoð við fatlað fólk**

Í 9. gr. frumvarpsins segir að fatlaðir skuli eiga kost á þeirri félagslegu þjónustu sem gerir þeim kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Hér er eingöngu verið að fjalla um þjónustu á eigin heimili en ekkert er kveðið á um **aðstoð til samfélagsþátttöku**. ÖBÍ telur nauðsynlegt að vikka þessa grein út þannig að fatlað fólk geti fengið aðstoð á öllum sviðum samfélagsins, sem dæmi má nefna í skóla, vinnu, frítíma, sem er í anda hugmyndafræði notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, sem nánar er fjallað um í næsta kafla.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins á að hafa samráð við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans óski hann eftir þjónustu sem rekin er af öðrum en sveitarfélögum. Hér ætti að bæta við að það sé gert þegar það á við. **Það býr ekki allt fatlað fólk á sambýlum.**

Í frumvarpinu er hvergi getið um lengda viðveru fyrir fatlað fólk á grunn- og framhaldsskólaaldri. ÖBÍ vill benda á að taka þurfi tillit til sérþarfa þess hóps barna og ungmenna sem geta í mörgum tilvikum ekki verið ein heima eftir að skóla lýkur þar sem þau þurfa á mikilli aðstoð að halda, vegna fötlunar sinnar, hreyfihömlunar, blindu, heyrnarskerðingar og börn sem eru með langvarandi veikindi.



ÖBÍ telur að þess þurfi að geta í frumvarpinu að fjármagn skuli fylgja einstaklingnum við flutning á milli sveitarfélaga og að hann fái þjónustu frá fyrsta degi. Jöfnunarsjóður á að sjá um að svo sé en að mati ÖBÍ er nauðsynlegt að lögfesta þetta atriði.

#### **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)**

Í 33. gr. frumvarpsins er fjallað um NPA og að koma skuli á sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks í þessu sambandi. Í fyrri drögum frumvarpsins var tekið fram að verkefnið ætti að hefjast við gildistöku laganna, en þessi setning hefur nú verið felld niður. **ÖBÍ fer fram á að sett verði aftur inn ákvæði í lögum um tímasetningu verkefnisins.**

Samkvæmt 4. málsgrein sömu greinar er fjallað um verðmat og notendasamninga í tengslum við NPA. ÖBÍ telur að hér ætti að koma fram að tryggja verði að **notandi lendi ekki í aukakostnaði** vegna þess að verðmat á aðstoð sé of lágt eða þörf á þjónustu vanmetin.

#### **Kærufrestur vegna ákvarðana um þjónustu**

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er fötluðu fólki heimilt að kæra stjórnvaldsákvæðanir um þjónustu sem teknar séu á grundvelli laga þessa til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Fram kemur að kærufrestur sé fjórar vikur frá því að tilkynning berst um ákvörðunina. Í stjórnarsýslulögum nr. 37 frá 30. apríl 1993 í 27. gr. kemur fram að kæra skuli borin fram **innan þriggja mánaða** frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Nauðsynlegt er að taka tillit til þess að fólk þarf undirbúning til að leggja fram kæru, sérstaklega þegar haft er í huga að sumir þurfa að leita sér aðstoðar við það. ÖBÍ telur að í frumvarpi þessu ætti að taka mið af ákvæðum í stjórnarsýslulögum og lengja kærufrestinn í þrjá mánuði að lágmarki.

#### **Ferðapjónusta fatlaðra**

Í 24. gr. frumvarpsins er fjallað um ferðapjónustu fatlaðra en þeirri þjónustu hefur að mati notenda í mörgu verið ábótavant. Samræming hefur ekki verið á milli sveitarfélaga, dæmi eru um að notendur hafi ekki getað ferðast á milli sveitarfélaga með ferðapjónustunni, sem er mjög bagalegt. Einnig hefur fólk **ekki getað nýtt sér þessa þjónustu í öðrum sveitarfélögum** en þar sem það hefur lögheimili. ÖBÍ telur að taka þurfi tillit til þessa þegar ráðherra gefur út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um rekstur ferðapjónustu fatlaðra.

Samkvæmt 24. gr. er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir ferðapjónustu fatlaðra. ÖBÍ vill benda á að þar sem það á við **ætti gjald ekki að vera hærra en það sem ófatlað fólk greiðir fyrir almennings samgöngur** á viðkomandi svæði.

#### **Samráðsnefnd**

Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins skal velferðarráðherra skipa átta manna samráðsnefnd um málefni fatlaðra. Þar kemur meðal annars fram að Öryrkjabandalag Íslands skuli tilnefna einn fulltrúa. Þar sem ÖBÍ er hagsmunafélag margra stórra fötlunarhópa, eins og til dæmis hreyfihamlaðra, fólks með proskahömlun, blindra, sjónskertra, geðfatlaðra, heyrnarskertra, heyrnarlausra og langveikra fer ÖBÍ fram á að það fái að **skipa að minnsta kosti tvo fulltrúa** í samráðsnefndina.



### Framkvæmdasjóður fatlaðra

Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins skal leggja framkvæmdasjóð fatlaðra niður 1. janúar 2011 og frá þeim tíma tekur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við réttindum og skyldum sjóðsins í tengslum við fasteignir sem nýttar eru í þágu þjónustu við fatlaða við yfirfærsluna.

Í frumvarpinu er **hvergi tekið fram hver á að taka við öðrum hlutverkum sjóðsins** en þeim sem tengjast fasteignum. Í reglugerð um stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra II. kafla 8. gr. kemur fram að hlutverk sjóðsins sé meðal annars eftirfarandi:

- Veita styrki til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, til stofnana og heimila fatlaðra, meiri háttar viðhaldsframkvæmda o.fl.
- Veita styrki til framkvæmdaaðila félagslegra íbúða sem ætlaðar eru til leigu.
- Verja allt að 10% af ráðstöfunarfé til að bæta aðgengi opinberra stofnana.
- Veita fé til breytinga á almennum vinnustöðum.
- Veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.
- Veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra.

Þessi atriði hafa haft mikla þýðingu fyrir fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra sem hafa getað sótt í þennan sjóð til að viðhalda húsnæði og vinna að bættu aðgengi fyrir fatlað fólk. ÖBÍ telur nauðsynlegt að fram komi í frumvarpinu hver tekur við þessum hlutverkum eftir yfirfærsluna.

### Lokaorð

Eins og fram kemur í umsögn ÖBÍ þá eru mörg atriði í frumvarpinu sem þarf að endurskoða. ÖBÍ hvetur stjórnvöld til að taka tillit til þeirra við setningu laganna með hliðsjón af Samningi SP um réttindi fólks með fötlun.

Virðingarfyllt,  
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðmundur Magnússon  
formaður ÖBÍ

Lilja Þorgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri ÖBÍ